

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 221/2022

2023/EES/24/21

frá 8. júlí 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/463 frá 22. mars 2022 um að leiðrétta þýsku tungumálaútgáfuna af framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/1998 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 66he (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1998) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32022 R 0463**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/463 frá 22. mars 2022 (Stjtíð. ESB L 94, 23.3.2022, bls. 3).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2022/463, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kristján Andri Stefánsson

formaður

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 94, 23.3.2022, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.